

FJÖLBREYTTUR IÐNAÐUR – GOTT LÍF



SAMSTARF SEM LEIÐIR TIL FRAMFARA

Samtök iðnaðarins eru stærstu og öflugustu samtök atvinnurekenda á Íslandi og mynduð af um 1.400 fyrirtækjum og sjálfstæðum atvinnurekendum sem stunda margvíslega atvinnustarfsemi.

Fjöldi og fjölbreytni fyrirtækjanna gefur samtökunum styrk en um leið er það áskorun að standa vörð um ólíka hagsmuni. Í öllu starfi samtakanna er lögð áhersla á það sem er sameiginlegt um leið og tekið er tillit til sértækari mála einstakra aðildarfyrirtækja. Þetta hefur tekist með farsælum hætti. Reglulegar kannanir hjá baklandi SI sýna að um 80% eru ánægð með starf samtakanna og þá þjónustu sem þau veita.

Kynntu þér hverju aðild að Samtökum iðnaðarins getur skilað þínu fyrirtæki

Hlutverk

Við eflum íslenskan iðnað og samkeppnishæfni hans

Framtíðarsýn

Iðnaður í fararbroddi, drifinn áfram af stöðugri aukningu í menntun, nýsköpun og framleiðni

Stefnumál

Menntun er forsenda bættra lífskjara – við eflum menntun fyrir atvinnulífið með áherslu á iðn-, verk- og tækninám

Nýsköpun styrkir framþróun – við vinnum að nýsköpun í allri sinni fjölbreytni

Framleiðni er grunnur verðmætasköpunar – við vinnum að framleiðniaukningu með áherslu á skilvirkt rekstrarumhverfi, þróun og fræðslu



Áhrif á starfsskilyrði

Aðildarfyrtæki Samtaka iðnaðarins geta haft áhrif á fyrirhugaðar lagasetningar með aðkomu að umsagnarferli og innleggi í umsagnir um einstök frumvörp. Í þeirri vinnu er tekið mið af hagsmunum aðildarfyrtækja og þess gætt að þau búi við sem hagstæðust rekstrarskilyrði hverju sinni.

Sérfræðipækking

Hjá Samtökum iðnaðarins starfar fjölbreyttur hópur sérfræðinga sem aðildarfyrtæki hafa greiðan aðgang að. Þeirra á meðal eru lögfræðingur og hagfræðingur auk sérfræðinga á sviði stefnumótunar og nýsköpunar, mennta- og mannauðsmála, umhverfis- og orkumála, almannatengsla, markaðs- og kynningarmála og gæðastjórnunar.

Alþjóðlegt net

Samtök iðnaðarins eru í nánum tengslum við erlend systursamtök og hafa því greiðan aðgang að viðtækri þekkingu og reynslu á mörgum sértækum sviðum sem gagnast aðildarfyrtækjum. Sérfræðingar Samtaka iðnaðarins fylgjast vel með alþjóðlegri þróun hvernar atvinnugreinar innan iðnaðarins.

Upplýsingar

Upplýsingagjöf Samtaka iðnaðarins til helstu hagaðila er markviss og öflug. Reglulega eru gefin út rafræn fréttabréf auk þess sem búnir eru til bæklingar og annað kynningarefni. Kannanir eru gerðar meðal aðildarfyrtækja sem gefa vísbendingar um hvar áherslur liggja hverju sinni. Þá eru gerðar margvíslegar efnahagslegar samantektir þar sem helstu hagstærðir eru settar í samhengi.

Stefnumótun

Hjá Samtökum iðnaðarins er áhersla lögð á lýðræðisleg vinnubrögð, virka stefnumótun og þátttöku sem flestra félagsmanna. Fjöldmörg félög og starfsgreinahópar eru innan vébanda Samtaka iðnaðarins og er starf þeirra fjölbreytt. Þá geta aðildarfyrtæki tekið þátt í starfsemi Mannvirkjaráðs, Hugverkaráðs og Framleiðslaráðs Samtaka iðnaðarins.

Nýsköpun

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á nýsköpun í öllum starfsgreinum. Samtökin kappkosta að greiða götu fyrirtækja í nýsköpunarstarfi sínu, enda ein meginforsenda framleiðniaukningar, verðmætasköpunar, samkeppnishæfni og gjaldeyrisöflunar.

AÐILD AÐ SI SKILAR ÞÉR ÁVINNINGI

Fundir, ráðstefnur og lönþing

Samtök iðnaðarins standa fyrir fjölda funda og ráðstefna á hverju ári til að auka við þekkingu aðildarfyrirtækja og til að vekja athygli á einstökum málefnum. Stærsti viðburður ársins er lönþing sem efnt er til í mars. Þar eru stóru hagsmunamálin sett á oddinn og skapaður vettvangur fyrir umræðu.

Fagmennska

Samtök iðnaðarins hafa verið í forystu við að benda á mikilvægi þess að leitað sé til fagfólks með viðeigandi menntun. Innan Samtaka iðnaðarins starfa fjölmörg meistarafélög einstakra faggreina ásamt miklum fjölda starfsgreinahópa þar sem fagmennska er sett í öndvegi.

Gæðamál

Samtök iðnaðarins bjóða aðildarfyrirtækjum sínum upp á gæðakerfi og hafa í áráraðir beitt sér fyrir innleiðingu á slíkum kerfum með það fyrir augum að bæta rekstur og auka framleiðni. Fjölmörg fyrirtæki hafa staðist úttekt og hlotið vottun. Stöðugt er unnið að nýjungum og viðbótum í gæðakerfinu.

Menntamál

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á menntun á viðum grunni enda ein af frumforsendum betri árangurs í atvinnu- og efnahagslífi. Samtök iðnaðarins eru aðili að öflugu menntastarfi m.a. í lðunni, Rafiðnaðarskólanum, Tækniskólanum og HR. Áherslur í menntamálum byggjast á þörfum atvinnulífsins.

Innviðir

Samtök iðnaðarins leiða umræðu um mikilvægi uppbyggingar á innviðum og að hugað sé að fjölbreyttari fjármögnun slíkra framkvæmda. Vakin hefur verið athygli á góðum árangri af samstarfi opinberra aðila og einkaaðila við uppbyggingu innviða.

Orku- og umhverfismál

Samtök iðnaðarins eru leiðandi í umræðu innan atvinnulífsins um ábyrgð fyrirtækja á orku- og umhverfismálum sem reynir æ meira á vegna sértækra skatta og aukinna krafna af hálfu hins opinbera. Fjölmörg tækifæri til atvinnusköpunar felast í þessum áskorunum.

Aðild að SA

Fyrirtæki sem eru aðilar að Samtökum iðnaðarins verða sjálfkrafa aðilar að Samtökum atvinnulífsins, SA, sem eru heildarsamtök íslensks atvinnulífs með sex aðildarsamtökum sem byggja á ólíkum atvinnugreinum.

Þinn tengiliður hjá SI

Hvert aðildarfyrirtæki hefur sinn tengilið hjá samtökunum sem hann getur leitað til og fengið þjónustu hjá: upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar.



Framleiðsla, matvæli og þjónusta

Á framleiðslu-, matvæla- og þjónustusviði Samtaka iðnaðarins starfa sérfræðingar sem þekkja vel til framleiðsluiðnaðarins og starfsumhverfis fyrirtækja. Undir sviðið heyra fyrirtæki af fjölbreyttum toga sem fást við framleiðslu eða þjónustu. Fyrirtækin starfa saman í starfsgreinahópum og að einstökum málefnum sem snerta rekstur þeirra. Þótt fyrirtækin séu ólík eru mörg mál sem sameina þau, til dæmis áhersla á aukna framleiðni, framfarir í umhverfismálum og bætt rekstrarskilyrði.

Starfsgreinahópar

- **Samtök fyrirtækja í grænni tækni – Clean Tech Iceland**
- **Landssamband bakarameistara – LABAK**
- **Samtök mjólkur- og kjötvinnslufyrirtækja – SMK**
- **Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda**
- **Samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði – Málmur**
- **Meistarafélag bólstrara**
- **Samtök álframleiðenda á Íslandi – Samál**
- **Samtök skipaiðnaðarins – SSI**
- **Tannsmíðafélag Íslands**
- **Þrýði – verk í höndum meistara**

Samstarfsvettvangur fimm fagfélaga innan SI: Félag hársnyrtmeistara á Norðurlandi, Félag íslenskra gullsmiða, Félag íslenskra snyrtifræðinga, Klæðskera- og kjólameistara-félagið og Ljósmyndarafélag Íslands.

Auk þess eru á sviðinu fyrirtæki í matvæla- og fóðuriðnaði, prentiðnaði, plastframleiðslu, efnaíðnaði, textíliðnaði og fleiri greinum og fyrirtæki í endurvinnslu og úrgangsgeira.



Byggingar og mannvirki

Á bygginga- og mannvirkjasviði starfa sérfræðingar sem þekkja vel til mannvirkjalaga og byggingareglugerðar. Á hverju ári skipuleggur sviðið fjölmarga fundi og ráðstefnur til að efla umræðu um bygginga- og mannvirkjagerð. Bygginga- og mannvirkjasvið stendur fyrir talningu á íbúðum í byggingu til að fylgjast með umfangi framleiðslu íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Innan Meistaradeildar Samtaka iðnaðarins er rekinn ábyrgðarsjóður sem einstaklingar og húsfélög geta notið bóta úr vegna ágreinings um faglega vinnu félagsmanna MSI.

Starfsgreinahópar

- **Samtök arkitektastofa – Samark**
- **Félag ráðgjafaverkfræðinga – FRV**
- **Félag vinnuvélaeigenda**
- **Mannvirki – félag verktaka**
- **Meistaradeild Samtaka iðnaðarins – MSI**

Félag blikksmiðjueigenda, Félag dúklagninga- og veggfóðrarameistara, Félag skrúðgarðyrkjumeistara, Málarameistarafélagið, Meistarafélag byggingamanna á Norðurlandi, Meistarafélag húsasmiða, Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði, Meistarafélag Suðurlands, Meistarafélag byggingamanna Suðurnesjum, Múrarameistarafélag Reykjavíkur og Samtök rafverktaka.

Auk þess heyra undir sviðið fyrirtæki sem eru ekki í einstökum starfsgreinahópum og hafa beina aðild að samtökunum.



ÞRÚ SVIÐ SAMTAKA IÐNAÐARINS

Hugverk

Á hugverkasviði Samtaka iðnaðarins eru sérfræðingar sem þekkja vel tækni- og nýsköpunarumhverfið og fylgjast vel með því sem gerist á þeim vettvangi. Lögð er áhersla á að bæta starfsskilyrði fyrirtækjanna í góðu samstarfi við stjórnvöld. SI lætur sig einnig varða samstarf fyrirtækjanna við viðskiptavini um að skapa nýjar lausnir til að auka verðmætasköpun og gæði. Hugverkaráð vinnur að sameiginlegum áherslumálum greinarinnar. Stöðugt bætist í hóp fyrirtækja á þessu sviði og árlega eru veittar viðkenningar til þeirra sprotafyrirtækja sem vaxa hraðast.

Starfsgreinahópar

- **Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda – SÍK**
- **Samtök gagnavera – DCI**
- **Samtök heilbrigðisiðnaðarins – SHI**
- **Samtök leikjaframleiðenda – IGI**
- **Samtök íslenskra líftækniyfirtækja – SÍL**
- **Samtök sprotafyrirtækja – SSP**
- **Samtök upplýsingatækniyfirtækja – SUT**



**Iðnaður aflar um helmings
gjaldeyrstekna þjóðarinnar**



**Ríflega fjórðungur landsframleiðslunnar
verður til í iðnaði**



**Fimmti hver Íslendingur á vinnumarkaði
hefur atvinnu af iðnaði**

**Gakktu til liðs við okkur
– saman erum við sterkari**